

Skipulagsskrá

fyrir sjóðinn Lífsbrú

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífsbrú og starfar skv. lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

Heimilisfang

2. gr.

Heimilisfang sjóðsins er Katrínartún 2, 105 Reykjavík.

Markmið

3. gr.

Markmið sjóðsins er að vinna að sjálfsvígsvörnum, í samræmi við samþykktu aðgerðaráætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi. Þetta verður gert með því að velja, þróa og innleiða; verklag, fræðsluefni og leiðbeiningar til að nota á öllum stigum forvarna. Markmiðum verður einnig náð fram með þarfagreiningu, endurskoðun verkferla, vitundarvakningu og símenntun. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða aðgerðir eða verkefni eru styrkt af sjóðnum.

Stofnandi

4. gr.

Stofnandi sjóðsins er embætti landlæknis, kt.710169-5009.

Stofnfé og tekjur

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.480.000, sem lagt er fram af stofnanda sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt. Tekjur sjóðsins eru framlög fyrirtækja, stofnana, sjóða og einstaklinga.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í sjóðnum.

Stjórn

6. gr.

Landlæknir, fyrir hönd stofnanda, tilnefnir þrjá einstaklinga í stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn. Jafnframt skulu við tilnefningu á aðalmönnum í stjórn tilnefndir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir sjóðinn.

Fh. embættis landlæknis, kt. 710169-5009

Alma D. Möller landlæknir, kt. 240661-3309



Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.